



Landbúnaðarháskóli Íslands

Ársskýrsla 2015



Efnisyfirlit

Ávarp rektors.....	2
Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands.....	4
Auðlindadeild.....	5
Umhverfisdeild.....	6
Starfs- og endurmenntunardeild.....	7
Landgræðsluskóli Háskóla sameinuðu þjóðanna.....	9
Kennslusvið.....	10
Nemendur útskrifaðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands 2014.....	11
Rannsóknasvið.....	14
Rekstrar- og þjónustusvið.....	18
Fjármál.....	19
Útgáfa.....	20
Ritaskrá starfsmanna.....	21
Starfsmenn.....	24
Brautskráning frá Landbúnaðarháskóla Íslands 6. júní 2014.....	26

Ávarp rektors

Í árslok 2014 rann út umsóknarfrestur um stöðu rektors við skólann og valnefnd tók til starfa. Það tók svo hálf tveggja ára ganga frá skipan í embættið, sem varð frá og með 1. júní, 2015. Þá hafði undirritaður verið settur í embættið í tæpt ár eða frá ágúst 2014.

Árið 2015 var ár mikilla sviptinga varðandi háskólana í NV kjördæmi. Í janúar kynnti menntamálaráðherra hugmyndir sínar um stofnun sjálfseignarstofnunar/-stofnana Hólaskóla, Bifrastar og Hvanneyrar með forstöðumann á hverjum stað en sameiginlegri yfirstjórn. Markmiðið með sameiningunni var sagt að búa til háskóla á sviði matvæla, ferðaþjónustu og landbúnaðar. Sett var á fót formleg sameiningarnefnd af hálfu ráðherra fyrir áður nefnda skóla í febrúarmánuði. Þessi skóli átti að geta aflað sér frekari tekna meðal annars með því að innheimta skólagjöld. Undirbúningur þessa verkefnis átti sér stað í samráði við þingmenn Norðvesturkjördæmis, ráðherra fjármálaráðuneytis, forsætisráðuneytis, utanríkisráðuneytis og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis. Einnig var haft samráð við Bændasamtökin í undirbúningi þessa máls. Síðla árs var ljóst að ekki náðist samstaða um þessa leið og þessum hugmyndum var ýtt til hliðar. Hins vegar var unnin greinargerð um mögulegar og nauðsynlegar aðgerðir stjórnvalda til að tryggja rekstrargrundvöll og framtíð skólanna. Af hálfu LbhÍ voru sett fram nokkur megin forgangsverkefni í því samhengi varðandi nauðsyn á niðurfellingu skulda og endurfjármögnun, leiðréttum rekstrarramma, uppbyggingu vegna kennslu- og rannsóknnaðstöðu og fleiri atriða.

Á árinu náðust samningar um niðurfellingu og endurskipulagningu skulda nemendagarða skólans. Í samningunum var innifalið svigrúm til að fara í mikið viðhaldsátak á gördunum, en nauðsynlegt viðhald hafði setið á hakanum um allan skeið vegna þröngrar fjárhagsstöðu.

Búreksturinn á vegum LbhÍ var endurskipulagður frá grunni. Hestbúið var greint frá Hvanneyrarbúinu og nýir aðilar fengnir að rekstrinum úr hópi 12 umsækjenda. Þá var auglýst eftir umsækjendum um rekstur veitingaaðstöðu á Hvanneyri (knæpan) og nýir aðilar tóku við rekstrinum. Hluti gömlu nautastöðvar var leigður undir aðstöðu fyrir nýtt fyrirtæki – Efnagreiningar ehf, nýtt þjónustufyrirtæki á sviði þjónustuefnagreininga í landbúnaði.

Almennt leyfi fékkst frá alþingi um útleigu bygginga á Hvanneyri til þess að efla fjárhagsgrunn fasteigna-rekstrarins. Vegna mikils fyrirbyggjandi viðhalds á gömlu bygginganna á Hvanneyri til að koma þeim í útleiguhæft ástand mun taka allan tíma þar til hægt verður að bjóða út leigu þeirra. Um sumarið voru gömlu byggingarnar eða gamla Hvanneyrartorfan friðlýst ásamt nánasta umhverfi sínu af Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra á Hvanneyrhátíðinni þann 11. júlí.

Ráðinn var lektor í líffræði búfjár Charlotta Oddsdóttir og lektor í umhverfisskipulagi Edda Ívarsdóttir á árinu. Þá var Jóhannes Kristjánsson ráðinn nýr kennari í búfræði. Ráðinn var rekstrarstjóri fasteigna Pétur Jónsson byggingarmeistari í lok árs.

Leitað var eftir samningum við Umhverfissráðuneytið um fjármögnun lögbundinna verkefna vegna skila LbhÍ á upplýsingum vegna losunarbókhalds sbr. 6 gr. Laga nr. 70/2012, ekki hafði verið séð fyrir fjármögnun þeirrar vinnu sem skólinn hafði lagt í það verkefni um árábil. Samningar tókust um verkefnið til þriggja ára.

Lögð var fram gæðaúttektarskýrsla (subject review) fyrir umhverfisskipulag og skipulagsfræði í ágústmánuði í samræmi við áætlun gæðaráðs íslenskra háskóla. Skýrslan var unnin í samráði við viðkomandi námsbrautartarstjóra, kennara og nemendur. Í októbermánuði kom erlendur sérfræðingur í heimsókn vegna eftirfylgni við þessi skýrsluskil og veitingu umsagnar um ferlið.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið kallaði eftir sjónarmiðum varðandi áhersluþætti í stefnumótun fyrir háskólastigið frá íslenskum háskólum á haustmánuðum. Þau sjónarmið sem LbhÍ kynnti voru þessi:

1. Horft verði til háskólakerfisins á Íslandi í heild þar sem öflugt samstarfsnet skóla auðveldi samstarf og samlegð milli eininga, sérstaklega með það í huga að smærri stofnanir geti sótt afl og stoð til þeirra stærri. Samstarfsnet opinberra háskóla verði eftt og þróist áfram til að sinna þessum markmiðum.
2. Háskólar sem sinna þröngum sérsviðum sem ekki er hægt að leggja stund á við aðrar menntastofnanir sé gert kleift að reka fámennar námsbrautir og sérhæfð rannsóknasvið með skírskotun til þjóðarhagsmuna varðandi öflun, viðhald og miðlun þekkingar á fræðasviðinu. Þetta eigi sérstaklega við um sérsvið sem varðar séríslensk verkefni á borð við íslenska auðlindanýtingu og íslenska náttúru, eða tengist íslenskri menningu eða lagaumhverfi með sérstökum hætti. Í forgangsröðun fámennra sérsviða kemur fremur til greina að gefa eftir svið sem auðvelt er að öllu leyti að sækja nám í til útlanda.
3. Háskólar sem reka víðtækari starfsemi en þá sem í þröngum skilningi tilheyrir hefðbundnu háskólastarfi fái viðurkenningu á þeim kostnaði sem af þeim verkefnum hlýst, svo sem af rekstri skólastarfsemi á framhaldsskólastigi, menningarminja, eða sérstakri þjónustu, t.d. atvinnuvegatengd sérverkefni o.s.frv. Háskólar sem reka dreifðar starfsstöðvar fái auk þess viðurkenningu á þeim kostnaði og því óhagræði sem af því hlýst í fjárveitingum.
4. Stefnumörkun háskóla fari fram á grundvelli faglegra sjónarmiða með gæði háskólastarfsins í fyrirrúmi. Öflugt rannsóknastarf verði hornsteinn og grundvöllur háskólastarfs.
5. Skapaður verði sameiginlegur vettvangur framhaldsnáms (graduate school) allra (opinberra) háskóla undir merkjum Miðstöðvar framhaldsnáms hjá Háskóla Íslands.

Landbúnaðarháskólinn fékk á árinu ótímabundna heimild frá menntamálaráðuneytinu til að bjóða áfram upp á doktorsnám í samráði við Miðstöð framhaldsnáms Háskóla Íslands. Jafnframt var lokið við endurskoðun reglna skólans um doktorsnám.

Rekstur ársins frá fjárhagslegu sjónarmiði gekk vel og tókst að greiða á nálægt 30 mkr. inn á skuld skólans við ríkissjóð. Í þessu sambandi skipti sköpum einskíptisviðbót við framlag Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins upp á 55 m.kr. en skuld skólans við ríkissjóð var í árslok um 400 m.kr.

Starfsliði skólans færi ég bestu þakkir fyrir vel unnin störf og nemendum ánægjuleg samskipti.

Björn Þorsteinsson, rektor LbhÍ

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands

Björn Þorsteinsson, rektor Landbúnaðarháskólans

Bjarni Stefánsson, valinn af Háskólaráði

Hilmar Bragi Janusson, valinn af Háskólaráði

Sigríður Hallgrímsdóttir, fulltrúi Menntamálaráðherra

Þórdís Þórarinsdóttir, fulltrúi nemenda

Guðni Þorvaldsson, fulltrúi starfsmanna

Helena Guttormsdóttir, fulltrúi starfsmanna

Auðlindadeild

Framleiðsla á hágæða matvöru með lágmarksáhrifum á umhverfið er verkefni sem engan endi tekur og krefst bæði elju- og útsjónarsemi þeirra sem að því verkefni koma. Þetta á ekki síst við hér á norðurljara þar sem úrval nytjaplantna og -dýra er takmarkaðra en víðast hvar annars staðar og umhverfisaðstæður að mörgu leyti erfiðari en gengur og gerist sunnar á jarðarkringlunni. Viðfangsefni auðlindadeildar Landbúnaðarháskóla Íslands eru rannsóknir á landkostum og nytjastofnum dýra og plantna með það að markmiði að niðurstöðurnar nýtist bændum sem best til framleiðslu hágæða afurða í sem mestri sátt við umhverfið. Með þetta að markmiði leitast starfsmenn auðlindadeildar við að bæta nýtingu, lækka kostnað og auka gæði á sama tíma og leitast er við að tryggja að aukin hagkvæmni í ræktun fylgi skynsamleg nýting lands.

Í árslok 2015 voru starfsmenn auðlindadeildar rétt innan við tuttugu, sumir í hlutastörfum. Starfsmenn auðlindadeildar búa yfir fjölbreyttri sérþekkingu á fjölmörgum sviðum, þar sem meðal annars má nefna sérsvið erfða- og kynbótafræði, lífeðlisfræði, fóðurfræði, grasafræði, plöntukynbóta, bútækni og jarðræktar. Rannsóknastarf starfsmann auðlindadeildar er, þrátt fyrir viðvarandi fækkun starfsmanna undanfarin ár, fjölbreytt og einkennst jafnt af sígildum viðfangsefnum eins og ræktun og verkun fódurs, fóðrun búfjár og rannsóknum á eiginleikum búfjár sem og ekki jafn sígildum verkefnum svo sem eins og fornDNA rannsóknum á íslensku búfjárkynjunum. Á sviði jarðræktar er áfram unnið af krafti að kynbótum á byggi og þróun ræktunaraðferða, en aukinn áhugi hefur verið á kornrækt hérlendis undanfarin ár.

Við auðlindadeild er starfrækt námsbraut í búvísindum til BS prófs þar sem áhersla er lögð á búfjárrækt, jarðrækt og skyldar greinar. Jafnframt er starfrækt námsbraut í hestafræðum sem er sameiginlegt verkefni með Háskólanum á Hólum. Með námi á BS stigi er leitast við að vekja áhuga ungs fólks á mikilvægi landbúnaðarrannsókna og veita því breiðan fræðilegan grunn til þátttöku í landbúnaði, jafnt í rannsóknum, ráðgjöf og framleiðslu. Vorið 2015 útskrifuðust 9 nemendur með BSc gráðu í búvísindum, en engir nemendur útskrifuðust úr hestafræði það vorið. Framhaldsnám í búvísindum, bæði masters- og doktorsnám, stendur styrkum fótum við báðar háskóladeildir Landbúnaðarháskólans og eru nemendur í þessu námi mikilvægur hlekkur í rannsóknum deildanna. Nemendur í framhaldsnámi eru þó ekki síður mikilvægir sem nauðsynlegur þáttur í nýliðun á sviði þekkingarsköpunar og -miðlunar innan landbúnaðargeirans.

Jón Hallsteinn Hallsson, deildarforseti auðlindadeildar

Umhverfisdeild

Umhverfisdeild sinnir fjölbreytilegum viðfangsefnum á sviði menntunar og rannsókna er tengjast náttúru landsins. Sjálfbær nýting, verndun og endurheimt náttúruauðlinda eru leiðandi áherslur í öllu starfi deildarinnar.

Nám í umhverfisdeild skiptist í fjórar brautir: umhverfisskipulag sem Helena Guttormsdóttir leiddi; náttúra og umhverfi sem Anna Guðrún Þórhallsdóttir veitti forstöðu; landgræðsla og skógrækt sem Bjarni Diðrik Sigurðsson stýrði og loks skipulagsfræði á MS stigi sem Sigríður Kristjánsdóttir veitti forstöðu. Fjórar námsleiðir eru í boði undir náttúra og umhverfi: almenn náttúrufræði; náttúrunýting; náttúra og saga; og þjóðgarðar og verndarsvæði.

Á árinu var haldinn einn deildarfundur (nr. 19) og einn deildarráðsfundur (nr. 34). Í deildarráði sátu, auk brautarstjóra og deildarforseta, Ragnar Frank, Ása L. Aradóttir og Járngerður Grétarsdóttir. Margrét Á. Jónsdóttir var sem fyrr ritari deildar.

Á árinu tók Edda Ívarsdóttir til starfa sem lektor í umhverfisskipulagi við LbhÍ. Edda er með MS próf í Sustainable Urban Design frá Háskólanum í Lundi, en hafði áður lokið BS gráðu í umhverfisskipulagi frá Landbúnaðarháskóla Íslands og BA gráðu frá Listaháskóla Íslands. Á árinu voru einnig Agnes Ösp Magnúsdóttir og Steinunn Garðarsdóttir ráðnar í tímabundna verkefnavinnu. Starfsmenn deildarinnar voru 24 í árslok en auk þess unnu nokkrir MS namar tímabundið við deildina.

Líkt og undanfarin ár hefur rannsóknarstarf deildarinnar einkum verið á eftirfarandi fræðasviðum: jarðvegsfræði, vistheimtarfræði, skógfræði, beitarfræði, skjólbelta- og garðyrkjufraði, rannsóknir á ástandi lands og áhrif loftslagsbreytinga á vistkerfi. Sem dæmi um viðamikil verkefni innan þessara fræðasviða má nefna verkefnið RYK sem hóf göngu sína á árinu, en tilgangur verkefnisins er að ákvarða eðli, magn og áhrif uppþokks rykefna á Íslandi. Verkefnið er styrkt af Rannís en verkefnisstjórar eru Ólafur Arnalds og Haraldur Ólafsson hjá Veðurstofunni. Gildi virkra rannsóknaverkefna á við RYK fyrir háskólasamfélagið verður seint ofmetið því þar verður til bæði ný þekking fyrir samfélagið og kjarnfóður fyrir kennsluna.

Hlynur Óskarsson, deildarforseti umhverfisdeildar

Starfs- og endurmenntunardeild

Starfsmenntanámið

Helsta verkefni starfsmenntadeildar LbhÍ er kennsla (bókleg kennsla og verklegar æfingar) á framhaldsskólastigi í blómaskreytingum, búfræði, garð- og skógarplöntuframleiðslu, skógtækni, skrudgarðyrkju og ylækt. Auk þess heldur skólinn utan um verknám nemenda í öllum þeim greinum sem skólinn kennir.

Á vorönn 2015 stunduðu alls 54 nemendur nám á garðyrkjubrautum (í staðar- eða fjarnámi), þ.e. garð- og skógarplöntuframleiðslu, ylækt, námsbraut um lífræna ræktun matjurta og skrudgarðyrkju. Í byrjun júní voru 25 nemendur brautskráðir úr búfræði. Engar útskriftir eru frá Reykjum á oddatölurum.

Mikil aðsókn var í nám í búfræði LbhÍ haustið 2015. Alls bárust 64 umsóknir í námið og 31 nemandi hóf skólavist í staðarnámi. Alls voru því 68 búfræðinemar við skólann haustið 2015. Ekki voru teknir inn nýir fjarnemar í búfræði vegna innleiðingar nýrrar námskrár. Í garðyrkjunni mætti 41 nemandi til leiks á haustönn.

Haustið 2015 hófst kennsla eftir nýrri námskrá búfræði en vinnu við endurskoðun hennar lauk fyrr á árinu. Ákveðið var að nota sams konar fyrirkomulag við kennslu og á háskólabrautum og kenna eftir stuttannakerfi í tilraunaskyni. Nemendur á seinna ári í garðyrkju héldu áfram námi eftir nýjum námskrám sem teknar voru í notkun haustið 2014 og var reynslan af þessum fyrsta vetri eftir nýjum námskrám garðyrkjubrauta mjög góð.

Námskrár garðyrkju og búfræði voru sendar til staðfestingar hjá Menntamálastofnun og í lok árs 2015 var þeirri vinnu ekki að fullu lokið.

Alls voru 12 stöðugildi í starfs- og endurmenntunardeild þann 31. desember 2015, þar af 4 sem tilheyra endurmenntun.

Endurmenntun LbhÍ

Endurmenntun LbhÍ hélt alls 56 námskeið árið 2015 með um 423 þátttakendum. Námskeiðin voru haldin um allt land og oft í samstarfi við fagaðila sem tengjast fagsviðum LbhÍ með einum eða öðrum hætti.

Endurmenntun LbhÍ hefur undanfarin ár boðið upp á nokkrar lengri námsbrautir. Grænni skógar I og II hafa verið í boði um allt land en engir hópar voru í gangi árið 2015. Þá luku tveir hópar (24 einstaklingar) tveggja ára námi í Reiðmanninum vorið 2015 og haustið 2015 hófu í allt 60 nemendur nám á fyrsta og öðru ári. Einnig var einn hópur (12 nemendur) sem tók framhaldsþjálfunarnámskeið í Reiðmanninum. Í heildina má því segja að 519 nemendur hafi stundað nám við Endurmenntun LbhÍ á árinu 2015.

Fjöldinn allur af sérhæfðum fagnámskeiðum fyrir bændur, garðyrkjumenn og aðra fagaðila sem tengjast skólanum var í boði árið 2015. Gott samstarf hefur verið við ýmsa aðila í atvinnulífinu og má þar til dæmis nefna samstarf við Félag iðn- og tæknigreina, FIT, sem hefur unnið saman að því með endurmenntun LbhÍ að fá hingað til lands erlenda sérfræðinga til kennslu á námskeiðum fyrir garðyrkjufræðinga. Ýmiss konar tómstundanámskeið nutu einnig mikillar hylli á árinu, svo sem námskeið í gerð húsgagna úr skógarviði, torf- og grjóthleðsla og ostagerð, svo eitthvað sé nefnt.

Endurmenntun LbhÍ tekur virkan þátt í innlendu og erlendum samstarfsverkefnum. Má þar nefna starfsemi Leiknar sem eru samtök fullorðinsfræðsluaðila í landinu, starfsemi EAEA, Nordic Baltic sem eru norræn baltesk samtök framhaldsfræðsluaðila, fulltrúi endurmenntunar LbhÍ hefur tekið þátt í samstarfi um námskeiðahald hjá NFJ sem eru samtök norræna búvísindamanna og einnig má nefna að fulltrúi endurmenntunar LbhÍ hefur tekið virkan þátt í samstarfi við Skovskolen við Kaupmannahafnarháskóla við eflingu skógræktarnámskeiða og verkefna hér á landi.

Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Landgræðsluskólinn hóf starfsemi sína árið 2007 sem tilraunaverkefni utanríkisráðuneytisins, Landbúnaðarháskóla Íslands og Landgræðslu ríkisins. Árið 2010 varð skólinn hluti af neti Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem telur á annan tug stofnana víðsvegar um heiminn með höfuðstöðvar í Tókýó. Landgræðsluskólinn hefur frá upphafi verið fjármagnaður af utanríkisráðuneytinu sem framlag Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og hýstur af Landbúnaðarháskóla Íslands í samstarfi við Landgræðslu ríkisins.

Meginmarkmið Landgræðsluskóla HSþ er að aðstoða þróunarlönd sem glíma við mikla landhnignun að stuðla að sjálfbærri landnýtingu og græða upp illa farið land. Það er gert með því að bjóða hingað til lands sérfræðingum frá samstarfsstofnunum Landgræðsluskólans á sex mánaða námskeið í landgræðslu, sjálfbærri landnýtingu og endurheimt vistkerfa. Námið byggir upp þekkingu innan viðkomandi stofnana og landa með þjálfun starfsfólksins sem hingað kemur, sem deilir síðan reynslu sinni og þekkingu þegar heim er komið.

Árið 2015 voru 13 nemendur við nám í Landgræðsluskóla HSþ, sjö konur og sex karlar frá sjö löndum: Kirgistan og Mongólíu í Mið-Asíu, og Eþíópíu, Gana, Malaví, Namibíu og Úganda í Afríku. Hópurinn útskrifaðist 17. september við hátíðlega athöfn á Keldnaholti að viðstöddum fjölda gesta þar á meðal rektor LbhÍ, Landgræðslustjóra og ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins. Frá upphafi hafa 76 nemar verið útskrifaðir úr skólanum, 49% þeirra konur og 51% karlar en skólinn leggur áherslu á að þjálfa bæði konur og karla. Samstarfsstofnanir Landgræðsluskólans eru í flestum tilfellum nokkrar í hverju landi, allt frá háskólum og rannsóknastofnunum til héraðsstjórna, ráðuneyta og annarra opinberra stofnana.

Auk sex mánaða námskeiðsins taka fastir starfsmenn skólans, sem eru þrír, þátt í ýmsum viðburðum og öðrum verkefnum er tengjast skólanum. Gott samstarf er við aðra Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi: Jarðhitaskólann, Sjávarútvegsskólann og Jafnréttisskólann auk þess sem samstarfsstofnanir í þróunarlöndum eru heimsóttar reglulega. Áhersla er einnig lögð á að auka tengslanet nemanna og þau styrkt til þátttöku í alþjóðlegum ráðstefnum sem einnig er liður í þeim hluta námsins sem snýr að því að auka færni nemanna í að miðla þekkingu í rituðu og töluðu máli. Á árinu styrkti Landgræðsluskólinn þrjá fyrrum nema, frá Gana, Mongólíu og Úsbekistan, til þátttöku í alþjóðlegri vistheimtarráðstefnu í Manchester á Englandi og einn fyrrum nemi frá Kirgistan sótti þing Eyðimerkursamnings Sameinuðu þjóðanna (UNCCD) í Ankara í Tyrklandi ásamt forstöðumanni Landgræðsluskólans.

Landgræðsluskólinn tók á móti rektor Háskóla Sameinuðu þjóðanna, Dr David Malone, í júlí ásamt Max Bond aðstoðarrektor og kynnti þeim starfsemi skólans. Rektor HSþ hitti nema Landgræðsluskólans í Gunnarsholti, höfuðstöðvum Landgræðslu ríkisins, þar sem nemar skólans dvelja allt að tvo mánuði á sumrin, á meðan dvöl þeirra stendur hér á landi. Dr Malone og Max Bond funduðu jafnframt með utanríkisráðherra Gunnari Braga Sveinssyni, forseta Íslands Hr Ólafi Ragnari Grímssyni og fyrrum forseta Íslands, Frú Vigdísí Finnbogadóttur.

Ný þróunarmarkmið (e. Sustainable Development Goals) Sameinuðu þjóðanna tóku gildi í lok ársins 2015 og voru markmiðin m.a. kynnt á heimasíðu Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Landgræðsluskólinn tók þátt í að kynna markmið nr. 15 um landgræðslu, endurheimt vistkerfa og varnir gegn landeyðingu, með greinaskrif í blogg færsluformi á vefsíðu stofnunarinnar (www.unu.edu/globalgoals).

Landgræðsluskólinn er með heimasíðu (www.unulrt.is) þar sem margvíslegar upplýsingar er að finna um starfsemi skólans og nýjustu fréttir eru birtar. Þar er jafnframt tengiliður á Facebook síðu skólans (<https://www.facebook.com/unulrt>).

Kennslusvið

Meginmarkmið kennslusviðs er að tryggja gott skipulag á daglegu kennslustarfi háskólans og veita nemendum og starfsfólki almennar upplýsingar og þjónustu.

Starfsmenn á kennslusviði 2015 voru þessir:

- Álfheiður Marinósdóttir kennslustjóri
- Áslaug Helgadóttir aðstoðarrector rannsóknar- og kennslumála og formaður í kennslunefnd
- Helga Konráðsdóttir, náms- og starfsráðgjafi frá 1. janúar til 30. júní og á haustönn kom Elín Kristjánsdóttir inn til að brúa bil náms- og starfsráðgjafa til áramóta.
- Þórunn Reykdal alþjóðafulltrúi í hálfu starfi frá 1. febrúar 2015.
- Þórunn Edda Bjarnadóttir (60%) deildarfulltrúi
- Emma Heiðrún Birgisdóttir skólafulltrúi
- Edda Þorvaldsdóttir verkefnisstjóri (10% fjarnám búfræði)

Náms- og starfsráðgjöf

Á vegum náms- og starfsráðgjafar voru nemendum veitt viðtöl um námstækni, persónuleg málefni, vegna námsvals, námsörðugleika og annað. Einnig voru haldnar kynningar fyrir alla nemendur fyrsta árs um námstækni lestrar- og glósutækni og ýmis skemmri námskeið fyrir afmarkaða hópa um skyld efni.

Erlend samskipti

LbhÍ tekur virkan þátt í alþjóðlegum nemenda- og kennaraskiptum í gegnum Menntaáætlun Evrópusambandsins, Menntaáætlun Nordplus og tvíhliða samninga sem skólinn hefur gert við skóla er ekki falla undir þessar áætlanir. Skólaárið 2015-2016 fóru alls 7 nemendur frá LbhÍ í skiptináms, þar af þrír bæði haust- og vorönn; M.Sc. nemi í búvísindum til Kanada og tveir B.Sc. nemendur í umhverfisskipulagi Þýskalands og Danmerkur. Auk þeirra fóru fjórir í eina önn; M.Sc. nemi í skógræði til Ítalíu vorið 2015 og þrír B.Sc. nemi í umhverfisskipulagi til Þýskalands, Noregs og Lettlands vorið 2016.

Til LbhÍ komu sex skiptinemar á árinu; einn B.Sc. nemandi í náttúruvísindum og fimm B.Sc. nemi í umhverfisskipulagi, allir frá Þýskalandi. Nemendurnir dvöldu allir haustönn 2015 við LBHI.

Einn kennari í umhverfisfræðum fór sem gestakennari til Svíþjóðar í eina viku. Þá kom einnig gestakennari frá Þýskalandi í umhverfisfræðum til skólans og tveir kennarar í umhverfisskipulagi frá Þýskalandi og Danmörku, öll innan vikuramma kennaraskipta og kennari á starfsmenntabraut fór í viku þjálfun til Tékklands á vegum Erasmus+ áætlunarinnar.

Auk þessa tók skólinn á móti allnokkrum starfsmannaheimsóknum bæði á háskóla- og starfsmenntastigi og hafði milligöngu um starfsnám eigin búfræðinema erlendis auk sænskra, danskra og norskra búfræði- og garðyrkjunema í gegnum Erasmus og Nordplus samstarfsverkefni.

Nemendur útskrifaðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands 2015

Starfsmenntanám á framhaldsskólastigi

Arna Silja Jóhannsdóttir	Búfræði
Aron Pétursson	Búfræði
Atli Geir Scheving Guðmundsson	Búfræði
Axel Örn Ásbergsson	Búfræði
Ágústa Rut Haraldsdóttir	Búfræði
Ásdís Rún Ólafsdóttir	Búfræði
Baldur Ingi Haraldsson	Búfræði
Berglind Ýr Ingvarsdóttir	Búfræði
Bjarni Þór Guðmundsson	Búfræði
Bragi Viðar Gunnarsson	Búfræði
Glódís Sigmundsdóttir	Búfræði
Hadda Borg Björnsdóttir	Búfræði
Hákon Sturla Unnsteinsson	Búfræði
Ingvi Þór Bessason	Búfræði
Jóhanna Bríet Helgadóttir	Búfræði
Jón Bjarnason	Búfræði
Jón Marteinn Finnbogason	Búfræði
Jón Óskar Jóhannesson	Búfræði
Kristín Eva Benediktsdóttir	Búfræði
Magnús Kristjánsson	Búfræði
Oddur Gunnarsson	Búfræði
Sandra Björk Sigurðardóttir	Búfræði
Sigurður Max Jónsson	Búfræði
Sigurlaug Kjartansdóttir	Búfræði
Þórdís Karlsdóttir	Búfræði
Einar Sigurður Einarsson	Garðyrkjuframleiðsla
Oddrún Sigurðardóttir	Garðyrkjuframleiðsla
Björgvin Már Vigfússon	Skrúðgarðyrkjubraut
Helga Þor Þorbjarnardóttir	Skrúðgarðyrkjubraut

Auk þess 17 nemendur í Reiðmanninum, 33 fein námi á framhaldsskólastigi á vegum endurmenntunardeildar.

Háskólanám

Aðalbjörg Rósa Indriðadóttir	Búvísindi
Baldur Örn Samúelsson	Búvísindi
Harpa Birgisdóttir	Búvísindi
Hrafnhildur T Halldórsdóttir	Búvísindi
Kristrún Sif Kristinsdóttir	Búvísindi
Sara Björk Þorsteinsdóttir	Búvísindi
Sigríður Birna Björnsdóttir	Búvísindi
Jóna Kolbrún Sigurjónsdóttir	Náttúru- og umhverfisfræði
Jónína Hólmfríður Pálsdóttir	Náttúru- og umhverfisfræði
Bergþóra Jónsdóttir	Skógfræði og landgræðsla
Ellert Arnar Marísson	Skógfræði og landgræðsla
Guðmundur Rúnar Vífilsson	Skógfræði og landgræðsla
Jóhanna Pétursdóttir	Skógfræði og landgræðsla
Dagbjört Garðarsdóttir	Umhverfisskipulag
Gunnar Kári Oddsson	Umhverfisskipulag
Heiðdís Halla Sigurðardóttir	Umhverfisskipulag
Hildur Hafbergisdóttir	Umhverfisskipulag
Margrét Lilja Margeirsdóttir	Umhverfisskipulag
Sigríður Harpa Jónsdóttir	Umhverfisskipulag
Skarphéðinn Njálsson	Umhverfisskipulag

Helgi Elí Hálfðanarson	Búvísindi - MS
Hrannar Smári Hilmarsson	Búvísindi - MS
Ólöf Ósk Guðmundsdóttir	Búvísindi - MS
Rannveig Ólafsdóttir	Náttúra- og umhverfisfræði - MS
Jón Hámundur Marinósson	Skipulagsfræði - MS
Kjartan Davíð Sigurðsson	Skipulagsfræði - MS
María Guðbjörg Jóhannsdóttir	Skipulagsfræði - MS
Myrra Ösp Gísladóttir	Skipulagsfræði - MS
Ragnar Björgvinsson	Skipulagsfræði - MS
Sindri Birgisson	Skipulagsfræði - MS
Sjöfn Ýr Hjartardóttir	Skipulagsfræði - MS

Rannsóknarsvið

Inngangur

Við Landbúnaðarháskóla Íslands eins og aðra háskóla hafa starfsmenn frjálst val um rannsóknaverkefni. Þó kemur fram í samningi um þjónustu á sviði rannsókna, þróunarvinnu og sérhæfðrar ráðgjafar fyrir árin 2013-2016 milli atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins (ANR) annars vegar og Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) hins vegar frá 15. maí 2013, að skólinn skuldbindur sig til þess að sinna verkefnum sem renna stoðum undir meginstef landbúnaðarstefnunnar sem eru að:

- tryggja framboð matvæla í hæsta gæðaflokki samfara sjálfbærri nýtingu auðlinda landsins,
- stuðla að bestu mögulegri framleiðni og þar með hagkvæmni og samkeppnisfæru verði framleiðslunnar,
- tryggja búsetu og varðveita menningu og rækta hlut landbúnaðarins í byggðapróun og atvinnutækifærum til sveita,
- stuðla að landbótum með landgræðslu og skógrækt.

Rannsóknir og þróun

Í Viðauka I eru listuð upp þau verkefni sem unnið var að á árinu 2015 í samræmi við skilgreiningar á fagsviðum í 2. grein samningsins. Merkt er sérstaklega hvaða verkefnum lauk á árinu og eins hvaða verkefni komu ný inn. Rétt er að taka fram að mörg rannsóknaverkefni eru starfrækt frá ári til árs þó svo að vinnuframlag sé mismikið milli ára. Mörg verkefni eru þess eðlis að nokkur ár getur tekið að afla gagna og vinna úr þeim til lokabirtingar í vísindagreinum eða á öðrum vettvangi. Meginfjárframlög til rekstrar skólans koma frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu (MMR)

1. tafla. Yfirlit um fjárframlög til LbhÍ og rannsóknasértekjur (á verðlagi mars 2016) sundurliðuð eftir ráðuneytum.

	ANR	Breyting milli ára	MMR	Breyting milli ára	Sértekjur	Breyting milli ára
2009	210,8		704,8		139,2	
2010	182,3	-13,6	679,8	-3,5	102,1	-26,7
2011	176,3	-3,3	622,2	-8,5	77,1	-24,5
2012	168,2	-4,6	616,0	-1,0	81,4	5,6
2013	166,9	-0,8	656,2	6,5	107,4	32,0
2014	166,5	-0,2	668,4	1,9	81,4	-24,2
2015	207,0*	24,3	669,4	0,1	106,1	23,3

*Einkiptisviðbót 55 m.kr. var bætt við 151 m.kr. ANR framlag fyrir ár 2015

Miklar sviptingar hafa verið í rekstri skólans síðustu ár. Rekstrarniðurstaða ársins 2015 er jákvæð og skilar Landbúnaðarháskóli Íslands nú í fyrsta sinn hallalausum rekstri, með afgang sem nýttur er til endurgreiðslu til ríkissjóðs í samræmi við kröfur sem til skólans eru gerðar og til afskrifta. Aukaframlag ANR til skólans, 55. mkr. fyrir 2015 skiptu hér sköpum og gerðu skólanum kleift að halda sjó í viðhaldi á aðstöðu, tækjum og mannauði. Til þess að skólinn geti sinnt því mikilvæga hlutverki sem honum er gert að rækja með rannsóknum og kennslu á breiðum grunni umhverfis- og landbúnaðarvísinda verður hann að búa við stöðugleika í fjárframlögum. Einskiptisfjárveitingar eru skólanum mjög verðmætar, en á þeim er þó ekki hægt að byggja langtímaáætlanir í rekstri innviða, þ.e. aðstöðu og mannauðs. Framlög ANR til LbhÍ fóru minnkandi frá árinu 2009 til 2014 og drógust þau saman á tímabilinu um 21%. Fjárveitingar frá MMR hafa hins vegar haldist stöðugri en grunnframlög þess ráðuneytis drógust saman um 5,0% á sama tímabili. Samfara viðvarandi samdrætti hafa rannsóknasértekjur verið mjög sveiflukenndar og eiga enn langt í land með að ná þeim upphæðum sem voru 2009.

Staða rannsóknasviðs skólans hefur veikst samfara samdrætti á liðnum árum en lögð hefur verið áhersla á að verja kennsluna, bæði í starfsmenntanáminu og á háskólastiginu. Skv. samningi við ANR skal skólinn „tryggja að til umsaminna verkefna veljist hæfir starfsmenn og að viðhald og endurnýjun þekkingar verði hluti af starfskjörum viðkomandi starfsmanns“ (3. gr.). Samfara samdrætti hefur ekki verið mögulegt sem skyldi að ráða inn nýja starfsmenn í stað þeirra sem hætt hafa vegna aldurs og er rúmur helmingur starfsmanna kominn yfir fimmtugt, og fimmtungur yfir sextugt. Þetta hefur m.a. leitt til þess að ársverk starfsmanna við háskóladeildirnar hafa farið úr tæpum 44 árið 2008 í rétt tæp 26 í upphafi árs 2015. Það er því umtalsverð uppsöfnuð þörf fyrir ráðningar á ákveðnum sérsviðum auk þess sem tveir sérfræðingar á jarðræktarsviði hætta störfum á árinu 2016.

Samkvæmt samningnum skuldbindur skólinn sig m.a. til að „tryggja og viðhalda nauðsynlegri aðstöðu í formi bygginga, lands og tækjabúnaðar eftir því sem þurfa þykir“ (3. gr.). Þrátt fyrir erfið rekstrarskilyrði hefur starfsfólk skólans unnið þrekvirki í að standa vörð um aðstöðu til bæði rannsókna og kennslu. Skólinn hefur þó ekki getað viðhaldið aðstöðu og tækjum eins og nauðsynlegt hefði verið vegna niðurskurðar síðustu ára. Þar má nefna að (i) búrekstur á Möðruvöllum hefur verið lagður af og land jaðrarinnar leigt til nágrennabæja og eini starfsmaður okkar þar færði starfsstöð sína suður í ágúst 2016; (ii) Grímshagi ehf., félag skólans um búrekstur á Hvanneyri og Hesti var lagt niður 2015. Búrekstur á Hvanneyri (Hvanneyrarbúið) var sett í sér félag og búrekstur á Hesti leigður til einkaaðila með sérstökum samningi um áframhaldandi aðgang skólans að aðstöðu til kennslu og rannsókna; (iii) starf tilraunastjóra á Stóra-Ármóti var lagt niður, en sérfræðingur ráðinn í hlutastarf til að sinna tilraunum á staðnum; (iv) tækjabúnaður, húsakostur og land á tilraunastöð í jarðrækt á Korpu er úr sér gengið og þar þarf umtalsverða fjárfestingu til tryggja starfsmönnum ásættanlega aðstöðu. Nú er þó svo komið að nauðsynlegt er að hefja uppbyggingu tækja og aðstöðu og verða fyrstu skref stigin í þá átt með kaupum á reitasláttuvél í samræmi við fjárhagsáætlun 2016 sem mun breyta miklu varðandi möguleika til jarðræktarrannsókna.

Í 2. grein samningsins við ANR eru skilgreind þau fagsvið sem skólinn skuldbindur sig til þess að viðhalda og/eða byggja upp. Í kaflanum um hagfræðirannsóknir stendur: „Hvað hagfræðirannsóknir varðar eru samningssaðilar sammála um að gerður skuli sérstakur samningur, eins og gert var fyrir árið 2012 og var lýst í inngangi hér að framan“ (bls. 3). Það var skilningur forsvarsmanna LbhÍ að samfara niðurlagningu Hagþjónustu landbúnaðarins árið 2011 skyldi skólinn fá fjármuni til að annast hagrannsóknir í landbúnaði og ráða prófessor í hagfræði sem sinnti jafnt rannsóknum og kennslu á þessu fræðasviði. Af þessu varð þó ekki og fara því engar hagrannsóknir í landbúnaði fram innan skólans.

Fjórir meistaranemar luku rannsóknamiðuðu meistaranámi við skólann á árinu 2015, nöfn þeirra og heiti verkefna voru eftirfarandi:

Helgi Elí Hálfðánarson: Framleiðsla etanóls (C₂H₆O) úr vallarfoxgrasi (Phleum pratense L.)

Ólöf Ósk Guðmundsdóttir: Erfðamengis- tengslagreining á vöðvasöfnun í íslensku sauðfé.

Hrannar Smári Hilmarsson: A biogeographic analysis of the species *Fragaria vesca* using microsatellite markers on a worldwide plant collection.

Rannveig Ólafsdóttir: Verification of GHG flux turnaround of restored peatlands: The suitability of the soil water table level as a proxy variable.

Önnur verkefni

Starfsmenn skólans komu að ýmsum verkefnum fyrir stjórnvöld og hagsmunaaðila. Hér má nefna umsagnir um lagafrumvörp og reglugerðir, þátttöku í tilfallandi nefndarstarfi og almenna ráðgjöf til nefnda á vegum ráðuneytisins.

Skólinn hefur um árabíl sinnt öflun og úrvinnslu gagna um landnýtingu og breytingar á henni (LULU-CF). Áhersla er lögð á þá þætti sem lúta að áhrifum landnýtingar á losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda. Verkefnið er grundvöllur þess að unnt sé að standa skil á þeim upplýsingum til rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar er varða landnýtingu og ber ANR ábyrgð á landnýtingarþætti samningsins. Gögn sem aflað er í landfræðilegan gagnagrunn sem margvísleg kort eru unnin upp úr þessi kort eru m.a. aðgengileg á sérstakri kortavefsjá skólans. Samkvæmt bókhaldi skólans hefur kostnaður vegna þessa verkefnis verið á bilinu 16 - 22 m.kr. árlega frá 2007. Engir samningar liggja fyrir milli aðila um skil á þessum niðurstöðum en í rannsóknasamningi skólans við ANR er kveðið á um hlutverk skólans og áherslur í verkefnavali (3. gr.). Þar er rætt um rannsóknagrundvallaða ráðgjöf til stjórnvalda og verkefni flokkuð í tilfallandi verkefni (A) og stærri verkefni og föst verkefni (B). Í seinni flokkinn fellur „matsvinna og úttektir sem enda í skýrslugerð. Sé um verulegan kostnað að ræða í tengslum við slík verkefni skal semja sérstaklega um fjármögnun“ (bls. 5). Nú standa yfir samningaviðræður við umhverfisráðuneytið um útfærslu þjónustusamnings við LbhÍ um kostun á hluta þessara verkefna en til þessarar samningsgerðar fékk ráðuneytið úthlutað fé á fjárlögum 2016.

Þrír af starfsmönnum skólans sitja í erfðanefnd landbúnaðarins (Sæmundur Sveinsson og Charlotta Oddsdóttir og Samson Bjarnar Harðarson) formaður nefndarinnar, skipaður af ráðherra. Einn starfsmaður er skipaður í stjórn Norræna genbankans (NordGen) og var hann formaður stjórnar á árinu (Áslaug Helgadóttir). Varamaður Íslands í stjórn NordGen kemur einnig úr röðum starfsmanna (Jón Hallsteinn Hallsson). Skólinn hefur átt fulltrúa í ullarmatsnefnd um langt árabil (Emma Eyþórsdóttir). Landbúnaðarháskóli Íslands skipar einn fulltrúa í ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur (Jón Hallsteinn Hallsson) og varamann (Áslaug Helgadóttir). Þá veitir skólinn Sigurgeir Ólafssyni plöntusjúkdómafræðingi starfsaðstöðu en hann vinnur einkum fyrir kartöflubændur og fyrir ráðuneytið vegna sérfræðiþekkingar í plöntuheilbrigði.

Gæðamál LbhÍ 2015

Í desember 2015 var síðustu úttekt LbhÍ á faglegum einingum (subject review) skiluð til Gæðaráðs háskóla og hefur skólinn þar með lokið fyrstu umferð stofnannaúttekta á vegum ráðsins. Í þetta sinn voru umhverfisskipulagsbrautin (BS) og MS námið í skipulagsfræði til skoðunar og stóð úttektin yfir megnið af árinu. Að henni komu brautarstjórar og aðrir stjórnendur skólans, kennarar, starfsmenn sem sinna stoðþjónustu, og síðast en ekki síst margir nemendur – bæði núverandi og útskrifaðir – sem og fagaðilar úr atvinnulífinu. Áslaug Helgadóttir, aðstoðarrector og fulltrúi LbhÍ í ráðgjafanefnd Gæðaráðs, var formaður úttektarnefndar og Brita Berglund sá um ritstjórn og utanumhald. Erlendi úttektaraðilinn (external expert) að þessu sinni var Anne Katrine Geelmuyden, prófessor í landslagsarkitektúr við Norges miljø- og biovitenskapelige universitet (NMBU). Í loka úrskurð sinni lýsti Anne Katrine yfir fullt traust til framkvæmd úttektarinnar.

Í úttektinni kom fram að í heild fer fram mjög gott nám við þessar brautir, nám sem uppfyllir þarfir og kröfur atvinnulífsins og samfélagsins að miklu leyti, og voru nemendur almennt ánægðir. Þar kom líka fram ýmislegt sem mætti betur fara og var sett fram aðgerðaráætlun sem nú er verið að vinna eftir. Meðal atriða sem er verið að betrumbæta má nefna skipulag og utanumhald brauta og kennslu einstakra áfanga; upplýsingaflæði og samskipti, samstarf milli eininga skólans, og ýmis tæknileg atriði. Annað er þó afleiðingar af niðurskurði síðustu ára og erfitt að bregðast við, t.d. átakanlega fámennt starfslið sem sinnir kennslu, utanumhald og stoðþjónustu.

Rekstrar- og þjónustusvið

Kennsluskrifstofa sér um móttöku og skráningu nemenda, stundarskrárgerð og annað sem varðar skipulag á kennslu, prófahald, ferilskrá nemenda og útskriftir skírteina, vottorða o.fl.

Rekstrarskrifstofa annast fjármál, bókhald, launaútreikninga, áætlanagerð, innheimtu og önnur tengd verkefni. Kynningar- og tölvumál heyra einnig undir rekstrarsvið.

Tölvuþjónusta annast rekstur tölvukerfa og gagnaveitna auk umfangsmikillar vefumsjónar, m.a. í samvinnu við aðrar landbúnaðarstofnanir. Tveir starfsmenn eru við tölvuþjónustuna.

Bókasafnið rekur þjónustu og útlánastarfsemi á þremur stöðum, Hvanneyri, Keldnaholti og Reykjum. Safnið er sérhæft á sviði náttúruvísinda, einkum búfræði, garðyrkju og umhverfisfræða. Tveir starfsmenn í hlutastarfi vinna við bókasafnið.

Hvanneyrarbúið ehf er alfarið í eigu skólans og rekur kúabú á Hvanneyri. Búreksturinn er grunnur fyrir mikilvæga þætti í kennslu og rannsóknum við stofnunina. Áhersla hefur verið á búfjárrækt og jarðrækt en á seinni árum einnig atferlis-, umhverfis- og orkuvísindi.

Tilraunaaðstaða

Á *Hvanneyri í Borgarfirði* er tilrauna- og kennslufjós og aðstaða til allra jarðræktar- og umhverfisrannsókna ásamt orkuvísindum.

Á *Hesti í Borgarfirði* er tilraunabú Landbúnaðarháskóla Íslands í sauðfjárrækt. Þar fara fram kynbóta- og erfðarannsóknir, ásamt tilraunum með jarðrækt og meðferð og fóðrun sauðfjár. Jörðin hefur einnig verið nýtt til rannsókna í umhverfismálum m.a. varðandi endurheimt votlendis.

Á *Möðruvöllum í Hörgárdal* var búrekstur á jörðinni lagður niður en hluti af húsakosti og landi hefur verið leigt út. Aðstaða er enn til jarðræktarrannsókna og eins er aðstaða í Eggertsfjósi enn nýtt til rannsókna.

Á *Stóra-Ármót í Flóahreppi* er rekið tilraunabú í samvinnu við Kennslusvið Búnaðarsamband Suðurlands. Þar er tilraunafjós og öll aðstaða til fóðrunarrannsókna.

Á *Reykjum í Ölfusi* er fullkomið gróðurhús og þar fara fram tilraunir í ylrækt og uppeldi plantna. Útiaðstaða er fyrir tilraunir í ræktun matjurta og garðplantna.

Á *Korpu við Blikastaðaveg* er aðstaða fyrir jarðræktarrannsóknir. Þar eru hundruð tilrauna-reita, auk gróðurhúss fyrir uppeldi og kynbætur.

Rannsóknarstofur eru starfræktar á Hvanneyri og Keldnaholti vegna kennslu- og rannsóknaverkefna innan skólans. Á Keldnaholti eru starfræktar rannsóknastofur í jarðvegsfræði, sameindaerfðafræði og til mælinga á gróðurhúsalofttegundum.

Á Hvanneyri eru rannsóknastofur vegna kennslu og efnagreininga á fóðri og gróðri.

Fjármál

Rekstrarskrifstofa annast fjármál, bókhald, launaútreikninga, áætlanagerð, innheimtu og önnur tengd verkefni. Reikningar skólans fyrir 2014 hafa verið staðfestir af Ríkisendurskoðun og eru svohljóðandi:

	Reikningur 2015	Reikningur 2014
Tekjur		
Sértekjur	509.274.860	497.617.439
Aðrar rekstrartekjur	31.460.947	30.546.952
Tekjur samtals	540.735.807	528.164.391
Gjöld		
Laun	680.950.909	716.813.093
Rekstrarkostnaður	486.103.810	460.578.873
Afskriftir	27.392.712	17.088.183
Gjöld samtals	1.194.447.431	1.194.480.149
Tekjur umfram gjöld	-653.711.624	-666.315.758
Framlag ríkissjóðs	686.200.000	655.400.000
Hagnaður/tap ársins	32.488.376	-10.915.758

Útgáfa

Rit nr. 62

Gerlamengun í höfnum Faxaflóahafna - Niðurstöður vöktunar 2014

Höfundur: Hlynur Óskarsson. Ritið er aðgengilegt á bókasafni LbhÍ á Hvanneyri.

Rit nr. 61

Áhrif LED lýsingar á vöxt, uppskeru og gæði gróðurhúsasalats að vetri

Höfundur: Christina Stadler.

Rit LbhÍ nr. 60

Jarðræktarrannsóknir 2014

Ritstjóri: Þórdís Anna Kristjánsdóttir.

Rit LbhÍ nr. 59

VegVist—vistvænar lausnir við frágang á vegsvæðum

Höfundar: Guðrún Óskarsdóttir og Ása L. Aradóttir.

Rit LbhÍ nr. 58

Garð- og landslagsrunnar - Lýsing á 19 íslenskum yrkjum

Höfundar: Hjörtur Þorbjörnsson, Ólafur Sturla Njálsson, Steinunn Garðarsdóttir og Samson Bjarnar Harðarson sem jafnframt er ritstjóri.

Rit LbhÍ nr. 57

Áburðargjöf í lífrænni ræktun á Íslandi - árið 2014

Höfundur: Christina Stadler.

Rit LbhÍ nr. 56

Upphitun ípróttavalla

Höfundur: Guðni Þorvaldsson og Svavar T. Óskarsson

Að auki gefur Landbúnaðarháskóli Íslands út **Icelandic Agriculture Sciences** í samstarfi við aðrar stofnanir. Ritið er alþjóðlegt ritrýnt vísindarit listað í ISI web of science.

Ritaskrá starfsmanna - ritrýnt efni

Ritrýnt efni úr flokkum A2.1, A2.2, A2.3, A3.1, A3.2, A3.3, A4.1, A4.2, A4.3 og A5.1 í matskerfi opinberra háskóla frá 14. nóvember 2013

Bjarni Diðrik Sigurðsson 2015. Sveppahandbókin. 100 tegundir íslenskra villisveppa. [The Mushroom Handbook: 100 Species of Icelandic Mushrooms] Mál og menning, Reykjavík. 287 pp. ISBN: 978-9979-3-3552-8

Krassimira Ilieva-Makulec, Brynhildur Bjarnadóttir, **Bjarni D. Sigurdsson** 2015. Soil nematode communities on Surtsey 50 years after the formation of the volcanic island. *Icelandic Agricultural Sciences* 28, 43-58, doi: 10.16886/IAS.2015.05.

Thomas Berg Hasper, Göran Wallin, Shubhangi Lamba, Marianne Hall, Fernando Jaramillo, Hjalmar Laudon, Sune Linder, Jane L. Medhurst, Mats Råntfors, **Bjarni D. Sigurdsson**, Johan Uddling (2015). Water use by Swedish boreal forests in a changing climate. *Functional Ecology*, doi:10.1111/1365-2435.12546.

Nicholas Clarke, Per Gundersen, Ulrika Jönsson-Belyazid, Janne Kjønnaas, Tryggve Persson, **Bjarni D Sigurdsson**, Inge Stupak, Lars Vesterdal 2015. Influence of different tree-harvesting intensities on forest soil carbon stocks in boreal and northern temperate forest ecosystems. *Forest Ecology and Management* 351, 9–19. doi: 10.1016/j.foreco.2015.04.034.

Marja Maljanen, Maarit Liimatainen, **Bjarni D. Sigurdsson** 2015. Effects of volcanic ash on GHG production rates and soil properties in a drained peat soil in Finland and a comparison to wood ash. *Icelandic Agricultural Sciences* 28, 25-28. doi: 10.16886/IAS.2015.03.

Viggó Marteinsonn, A Klonowski, E Reynisson, P Vannier, **Bjarni D. Sigurdsson** and M Ólafsson 2015. Microbial colonisation in diverse surface soil types in Surtsey and diversity analysis of its subsurface microbiota. *Biogeosciences* 12, 1191-120.

Brita Berglund, L Hallgren and **ÁL Aradóttir** 2015. Stakeholder interaction in participatory land restoration in Iceland: Environmental officers' challenges and strategies. *Environmental Management*, 56, 519-531. DOI 10.1007/s00267-015-0506-0.

Christina Stadler 2015. Effect of pruning the clusters, deleafing and interplanting on the yield and profit margin of winter grown tomatoes in Iceland (á þýsku). Í: DGG-Proceedings 5, No. 9, síður 1-5. DOI: 10.5288/dgg-pr-05-09-cs-2015.

Kantanen J, Løvendahl P, Strandberg E, **Emma Eythorsdottir**, Li M-H, Kettunen-Präbel A, Berg P and Meuwissen T (2015). Utilization of farm animal genetic resources in a changing agro-ecological environment in *Genetics* 6, 52. doi: 10.3389/fgene.2015.00052

Einarsson E, **Emma Eythórsdóttir**, Smith CR and Jónmundsson, JV. 2015. Genetic parameters for lamb carcass traits assessed by video image analysis, EUROP classification and in vivo measurements. *Icelandic Agricultural Science* 28, 3-14.

Ólafur Arnalds 2015. *The Soils of Iceland*. World Soils Book Series, Springer, Dordrecht, The Netherlands. 183pp.

Gunnarsson TG, **Ólafur Arnalds**, Appleton G, Méndez V, Gill JA 2015. Ecosystem recharge by volcanic dust drives broad-scale variation in bird abundance. *Ecology and Evolution* 5, 2386-2396. doi:10.1002/ece3.1523

Dagsson-Waldhauserova P, **Ólafur Arnalds**, Ólafsson H, Hladil J, Skala R, Chadimova L, Meinander O. 2015. Snow-Dust Storm: Unique case study from Iceland, March 6-7, 2013. *Aeolian Research* 16, 69-74.

Peltoniemi, J. I. , M. Gritsevich, T. Hakala, P. Dagsson-Waldhauserová, **Ólafur Arnalds**, K. Anttila, H.-R. Hannula, N. Kivekäs, H. Lihavainen, O. Meinander, J. Svensson, A. Virkkula, and G. de Leeuw 2015. Soot on snow experiment: bidirectional reflectance factor measurements of contaminated snow *The Cryosphere* 9, 2323–2337, 2015

Tanner LH, Vivison M, **Ólafur Arnalds** & Svavarsdóttir K. 2015. Soil Carbon Accumulation and CO2 Flux in Experimental Restoration Plots, Southern Iceland: Comparing Soil Treatment Strategies. *Applied and Environmental Soil Science* 2015:205846

Sigríður Kristjánsdóttir 2015. The recent economic downturn and fringe-belt creation in Reykjavík, Iceland. *Urban Morphology* 19, 94-96.

Starfsmenn

Nafn	Starfsheiti
Agnes Ösp Magnúsdóttir	Sérfræðingur
Albína Hulda Pálsdóttir	Sérfræðingur
Anna Guðrún Þórhallsdóttir	Prófessor, brautarstjóri
Arngrímur Thorlacius	Dósent
Ágústa Erlingsdóttir	Námsbrautarstjóri
Álfheiður B Marinósdóttir	Kennslustjóri
Álfheiður Sverrisdóttir	Ræstitæknir
Ása Lovísa Aradóttir	Prófessor
Áslaug Helgadóttir	Prófessor, aðstoðarrektr
Bára Sif Sigurjónsdóttir	Forstöðumaður útgáfumála
Berglind Orradóttir	Lektor, Landgræðsluskóla Háskóla SP
Birna Kristín Baldursdóttir	Sérfræðingur
Bjarni Diðrik Sigurðsson	Prófessor, brautarstjóri
Bjarni Guðmundsson	Prófessor
Björgvin Örn Eggertsson	Verkefnisstjóri
Björn Þorsteinsson	Rektor
Brita Kristina Berglund	Sérfræðingur
Börkur Halldór Bl Hrafnkelsson	Aðstoðarmaður
Charlotta Oddsdóttir	Lektor
Christina Maria Stadler	Lektor
Dagný Sigurðardóttir	Gjaldkeri
Edda Ívarsdóttir	Lektor
Edda Þorvaldsdóttir	Kennari
Elías Óskarsson	Umsjónarmaður gróðurhúsa
Emma Eypórsdóttir	Dósent, brautarstjóri
Emma Heiðrún Birgisdóttir	Rannsóknarmaður
Eyjólfur Kristinn Örnólfsson	Sérfræðingur
Fanney Ósk Gísladóttir	Lektor
Guðjón Helgi Þorvaldsson	Kerfisstjóri
Guðni Þorvaldsson	Prófessor
Guðríður Helgadóttir	Forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar
Guðrún Helga Guðbjörnsdóttir	Námsbrautarstjóri
Guðrún Lárusdóttir	Endurmenntunarstjóri
Guðrún Þórðardóttir	Bókasafnsfræðingur
Gunnar Reynisson	Kennari

Nafn	Starfsheiti
Hafdís Hanna Ægisdóttir	Forstöðumaður.Landgræðsluskóla Háskóla SÞ
Halldóra Traustadóttir	Skrifstofustjóri Landgræðsluskóla Háskóla SÞ
Haukur Þórðarson	Kennari
Heimir Gunnarsson	Verkefnastjóri
Helena Guttormsdóttir	Lektor, brautarstjóri
Helena Marta Stefánsdóttir	Aðjúnt
Hjörtur Hjartarson	Kerfisstjóri
Hlynur Óskarsson	Dósent, deildarforseti
Hrafnhildur Baldursdóttir	Sérfræðingur
Járngerður Grétarsdóttir	Lektor
Jófríður Leifsdóttir	Rannsóknarmaður
Jóhanna M Kristjánsdóttir	Ræstitæknir
Jóhannes Kristjánsson	Kennari
Jóhannes Sveinbjörnsson	Dósent
Jóhannes Þór Ellertsson	Kennari
Jón Guðmundsson	Lektor
Jón Hallsteinn Hallsson	Dósent, deildarforseti
Jón Kristófer Arnarson	Kennari
Jónatan Hermannsson	Lektor
Kristbjörg Þórey I Austfjörð	Bókari
Kristín Siemsen	Aðalbókari, launafulltrúi
Kristín Theodóra Ragnarsdóttir	Fjármálastjóri
Magnus Göransson	Doktorsnemi
Margrét Ágústa Jónsdóttir	Deildarfulltrúi
Már Guðmundsson	Umsjónarmaður útisvæða
Oddný Sólveig Jónsdóttir	Fulltrúi
Ólafur Gestur Arnalds	Prófessor
Ólöf Ósk Guðmundsdóttir	Námsbrautarstjóri
Pétur Jónsson	Rekstrarstjóri fasteigna.
Ragnar Frank Kristjánsson	Lektor
Ragnhildur Helga Jónsdóttir	Aðjúnt
Ríkharð Brynjólfsson	Prófessor
Samson Bjarnar Harðarson	Lektor
Sigmundur Helgi Brink	Aðjúnt
Sigríður Ása Guðmundsdóttir	Bókari
Sigríður Kristjánsdóttir	Lektor, brautarstjóri
Sigvaldi Lárus Guðmundsson	Verkefnisstjóri

Nafn	Starfsheiti
Símon Arnar Pálsson	Aðstoðarmaður
Steinunn Garðarsdóttir	Sumarstarfsmaður
Svava Brynja Bjarnadóttir	Ræstitæknir
Sveinbjörg Brynja Jónsdóttir	Matráður
Sæmundur Sveinsson	Sérfræðingur
Úlfur Óskarsson	Lektor
Viðar Magnússon	Umsjónamaður fasteigna
Þorsteinn Guðmundsson	Prófessor
Þórdís Anna Kristjánsdóttir	Lektor
Þórey Ólöf Gylfadóttir	Doktorsnemi
Þórir Freyr Flosason	Tölvumaður
Þóroddur Sveinsson	Lektor
Þórunn Edda Bjarnadóttir	Deildarfulltrúi
Þórunn Reykdal	Verkefnastjóri

Brautskráning LbhÍ 2015

Ræða rektors Landbúnaðarháskóla Íslands, Björns Þorsteinssonar, við útskrift 5. júní 2015 í Reykholtskirkju

Kæru útskriftarnemendur, aðstandendur og aðrir gestir.

Landbúnaðarháskóli Íslands var stofnaður 2005 og er því í núverandi skipulagi 10 ára. Saga forvera hans teygir sig aftur marga áratugi og þess elsta, Bændaskólans á Hvanneyri, 126 ár. Eins og samfélagi okkar er háttáð stöndum við alltaf á tímamótum. Hugmyndafræði og heimsmynd hvers tíma hefur sín einkenni. Einu sinni tóku menn svo til orða að hægt væri að ganga menntavegin og gerast fullnuma í einhverju fagi. Þannig talar enginn lengur.

Lengi framan af var ekki krafist sérstakrar menntunar til margra starfa í þjóðfélaginu en slíkum störfum hefur farið fækkandi í tímans rás. Í þjóðfélaginu eru víðast hvar gerðar skipulegar kröfur til hæfis starfsmanna til að gegna tilteknum störfum eða hlutverkum.

Það sama gildir um fyrirtæki og stofnanir. Í vaxandi mæli þurfa þær að afla sér starfsleyfa og viðurkenninga, og beygja sig undir lög, regluverk og eftirlit af ýmsum toga. Framhaldsskólar og ekki síst háskólar hafa ekki farið varhluta af þessari þróun.

Með lögum um háskóla nr. 63/2006 var sleginn nýr tónn í þessum efnum og skólar þurfa nú að afla sér viðurkenningar sem byggjast á fjölmörgum alþjóðlegum viðmiðum um háskólastarfsemi. Jafnframt er í lögunum gert ráð fyrir því að viðurkenning háskóla sé bundin við tiltekin fræðasvið.

Í kjölfar lagasetningarinnar einhenti Landbúnaðarháskólinn sér í þetta verkefni eins og lög gerðu ráð fyrir og fékk viðurkenningu á fræðasviðum sínum árið 2007 og 2008. Í kjölfarið settu menntamálayfirvöld upp gæðaráð íslenskra háskóla sem á að fylgjast með því hvernig skólarnir standa sig. Þannig fór skólinn í gegnum stofnanaúttekt 2012-2013 sem hann stóðst og fékk traust ráðsins á þeim gæðum sem hann s tendur fyrir. Skólinn fékk ábendingar til úrbóta á nokkur atriði sem öll má rekja til takmarkaðra fjárveitinga, og er þannig um leið skýr ábending til stjórnvalda um að skólinn er vanfjármagnaður. Önnur grundvallarábending snerti stærð skólans og nauðsyn þess að hann eflði samstarf eða hugaði að samruna við aðra háskóla.

Samruni háskóla hefur gengið eins og eldur í sinu um Evrópu á liðnum árum og hefur því safnast upp töluverð reynsla af slíkum aðgerðum. Í vor kom út skýrsla á vegum Evrópusamtaka háskóla þar sem þessi reynsla er dregin saman í eins konar leiðbeiningar um hvernig standa skuli að nánara háskólasamstarfi eða samruna. Megininntak leiðbeininganna má draga saman í nokkra skýra punkta, en þeir helstu eru þessir:

- Gera þarf ítarlega greiningu á kostum og göllum þeirra samstarfs- og samrunahugmynda sem um er fjallað og til þess þarf bæði tíma og fjármuni en ekki síður kunnáttufólk í háskólarekstri.
- Starfsmenn og stjórnir viðkomandi skóla þurfa að hafa aðkomu að ferlinu frá upphafi. Virða þarf sjálfstæði háskóla og ábyrgð á eign málum eins og lög gera ráð fyrir. Ferillinn þarf að vera öllum gegnsær og ljós frá upphafi og honum þarf að tengjast öflug upplýsingaveita til starfsmanna og annarra hagsmunaaðila. Samruni sem þvingaður er fram gegn vilja stjórnenda og starfsmanna skóla er dæmdur til að verða mjög örðugur eða jafnvel mistakast.
- Akademískur eða faglegur ávinningur þarf að vera meginmarkmið í skólasamruna. Fjárhagslegur sparnaður eingöngu hefur ekki reynst farsælt eina markmið samruna.
- Ef hægt er að ná fram sömu markmiðum með samstarfi og samruna þá er samstarf að jafnaði ódýrari og fýsilegri kostur, því að vel heppnaður samruni kostar mikið í undirbúningi og framkvæmd. Undirbúningur samruna þarf að fela í sér möguleika á að hætt sé við ferlið ef niðurstaða greiningarvinnu reynist neikvæð.
- Tryggja þarf að ný stofnun byggji á raunhæfri fjármögnun til að standa undir væntingum og skyldum.

Ég held að við Íslendingar getum margt af þessum leiðbeiningum lært og ég mun tala fyrir því að við tökum mark á þeim í þeim hrókeringum sem menn kunna að reyna í íslenska háskólakerfinu þar sem okkar skóli kemur við sögu.

Háskólasamfélagið er í eðli sínu alþjóðlegt, opið, leitandi og gagnrýnið samfélag sem hefur það að markmiði að varðveita, miðla og skapa þekkingu. Til þess að háskóli geti lifað verður hann að hafa fjárhagslega og félagslega burði til að skapa aðstæður þar sem starfsemi með þessa eiginleika fær þrífist.

Það þarf líka að uppfylla þau skilyrði að starfsmenn og nemendur skólans geti staðið félögum sínum við aðra skóla jafnfætis bæði innanlands og erlendis. Þess vegna eru einkenni háskóla akademískt frelsi og akademísk ábyrgð starfsmanna, auk þess sem háskólum er tryggt sjálfstæði í eigin málum í lögum um háskóla.

Mælikvarðarnir á hvernig til tekst eru svo einmitt teknir fram í áðurnefndum gæðaúttektum sem byggja á alþjóðlegum viðmiðum. Þess vegna þarf að taka slíkar úttektir mjög alvarlega og þær ábendingar sem út úr þeim koma. Þess vegna er líka vonlaust að reka háskóla eftir heimatilbúnum viðmiðum. Sé það gert bendir það til þess að skólinn sé að einhverju leyti úr tengslum við fræðasamfélagið að öðru leyti og hann mun ekki standast úttektir.

Það þarf þó meira til en að háskóli skapi tiltekin starfsskilyrði innan sinna veggja bæði fyrir starfsfólk og nemendur. Samfélagið þar sem skóli er staðsettur þarf líka að skapa honum skilyrði til að geta rækt hlutverk sitt. Skólarnir verða að búa við raunhæfa fjármögnun og samfélögin sem hýsa skólana þurfa að virða sjálfstæði skólanna og vera þannig úr garði gerð að skólarnir geti laðað að sér starfsmenn og nemendur á grundvelli þess að þar sé eftirsóknarverður búsetukostur og góðir samfélagslegir innviðir í samgöngu-, mennta-, heilbrigðis- og menningarmálum. Eitt átakamál sem nú er á döfinni í Borgarbyggð er framtíð grunnskólans á Hvanneyri sem hefur einmitt skipt LbhÍ miklu sem liður í búsetugæðum staðarins til að laða að nemendur og kennara.

Ég hef nú dvalið við háskólaumræðu og nú kunna einhverjir að hugsa til þess að skólinn er líka með starfsmenntanám á framhaldsskólastigi og þegar við lítum yfir hópinn sem er að útskrifast hér í dag þá eru búfræðingarnir stærsti hópurinn. Gott búfræðinám fyrir íslenskar aðstæður er háð því að hér sé hægt að mennta búvísindafólk og stunda rannsóknir og þróun í búvísindum og skyldum greinum.

Ef háskólanámsins nyti ekki við myndi grundvöllur búfræðikennslunnar bresta. Í litlu landi eins og okkar er ekkert eðlilegra en að hýsa þessi tvö námsstig innan sömu stofnunar og nýta aðstöðu mannafla og umgjörð sameiginlega. Það er einnig þannig að búfræðinemarnir á Hvanneyri mynda einn stöðugasta kjarnann fyrir staðarsamfélagið og mannvistina í skólanum.

Það skólaár sem nú er að líða hefur verið átakaár og ár óvissu og biðstöðu. Ágúst Sigurðsson, fráfarandi rektor, hafði unnið að því um skeið með menntamálaráðherra og rektor Háskóla Íslands að undirbúa ferli samruna LbhÍ og Háskóla Íslands. Þau áform runnu út í sandinn vegna andstöðu sveitarstjórnamanna í Borgarbyggð, þingmanna úr NV kjördæmi og Bændasamtakanna. Ágúst lauk svo sínum embættistíma 1. ágúst sl. án þess að auglýst hefði verið eftir nýjum rektor, og sá sem hér stendur var þá settur í hans stað. Staða rektors var síðan auglýst með umsóknarfresti í byrjun desember sl.

Í upphafi yfirstandandi árs, á meðan valnefnd var enn að vinna úr umsóknum, tilkynnti menntamálaráðherra um skipan nefndar sem skyldi hafa það verkefni að kanna fýsileika samstarfs, samrekstrar eða samruna 3ja lítilla háskóla í NV kjördæmi, þ.e. Bifrastar, Hóla og LbhÍ, undir forystu þeirra sem áður höfðu stöðvað samrunaáform LbhÍ og HÍ. Þetta verkefni má segja að hafi komið stjórnendum og starfsmönnum að minnsta kosti Hóla og LbhÍ algerlega í opna skjöldu. Nefndin hefur ekki enn lokið störfum en mun væntanlega gera það nú síðar í júní.

Síðasta skólaár var einnig erfitt því að við neyddumst til að fara í hagræðingar og uppsagnir til að koma stofnuninni inn fyrir ramma fjárlaga. Þá er búrekstur skólans í uppstokkun. Sauðfjárþúíð á Hesti verður nú leigt út til ungra vel menntaðra búrekstrar- aðila sem eru bæði um þessar mundir að ljúka MS prófi í búvísindum, en markmiðið er að reka fyrirmyndarþú sem á að veita skólanum aðstöðu til kennslu og rannsókna í sauðfjárrækt. Kúabúíð á Hvanneyri verður líka endurskipulagt með það að markmiði að efla nýtingu þess í kennslu og rannsóknum þar sem nýsköpun og sjálfbærni verður höfð að leiðarljósi.

Þá stendur yfir ferli friðlýsingar á gömlu húsatorfunni á Hvanneyri og er það í fyrsta sinn sem húsaklasi ásamt aðliggjandi búsetulandslagi er tekinn til friðlýsingar á Íslandi. Ferli málsins er til lokameðferðar í forsætisráðuneytinu. Í rökstuðningi friðlýsingarskilmála stendur:

Gamla bæjartorfan á Hvanneyri er merkilegt búsetulandslag með mikið menningarsögulegt gildi. Sem slík býr hún yfir sérstökum umhverfisgæðum sem óviða eru til staðar í dreifbýli hér á landi, sem m.a. felast í samspili búsetuminja og merkra bygginga við ákveðnar landslagsheildir. Þessi gæði eru bundin staðsetningu húsanna í umhverfi sínu, innbyrðis afstöðu þeirra og þeim rýmum sem þau mynda á milli sín að ógleymdri byggingarlist húsanna.

Af þessum gömlu húsum hefur Halldórsfjós nú fengið framtíðarhlutverk sem safnbygging fyrir Landbúnaðarsafn Íslands. Þá hafa einkaaðilar, þ.e. hópur ungs fólks í nærsamfélaginu, svarað auglýsingu um framtíðarnýtingu annarra bygginga í gömlu húsatorfunni með það í huga að reka þar ferða- og veitingaþjónustu, matarsmiðju, listasmiðju og aðra nýsköpunarstarfsemi. Þessi starfsemi er líkleg til að geta tengst fagviðfangsefnum skólans á ýmsan hátt. Til þess að hrinda þessum áformum í framkvæmd þarf að afla formlegra heimilda til útleigu ríkiseigna, endurnýja brunahönnun húsa og fleira í þeim dúr.

Ný afstaðin er endurskoðun námskrár búfræðinnar og kennarastöður í búfræðinni hafa verið mannaðar. Um síðustu áramót kom nýr brautarstjóri til starfa, Ólöf Ósk Guðmundsdóttir, og 1. ágúst n.k. gerum við ráð fyrir að nýr kennari til viðbótar verði kominn til starfa að brautina.

Staða lektors á umhverfisskipulagsbraut var auglýst nú á vormánuðum og valnefnd mun innan skamms hefja störf og gera tillögu um þann sem skal boðin staðan. Þessa dagana er verið að ganga frá ráðningu lektors í líffræði búfjár að auðlindadeild. Charlotta Odds-dóttir dýralæknir varð hlutskörpust umsækjenda um stöðuna.

Þá liggur fyrir að endurnýja stefnumörkun fyrir skólann og endurskoða reglur og skipurit, þar sem áhersla verður lögð á að auka á samstarf við aðrar stofnanir og skóla innan lands og utan, með það að markmiði efla rannsóknir og kennslu í landbúnaði og landnýtingu með sjálfbærni nýtingar og verndunar auðlinda að leiðarljósi.

Ég vil að lokum þakka starfsfólki störfín í vetur og nemendum samfylgdina. Við eigum öll sameiginlegt áhugamál í lífinu og landinu. Um það stöndum við vörð og þau faglegu og siðferðilegu gildi sem til heyra.

En kærú útskriftarnemar. Í dag skulum við gleðjast. Í dag skuluð þið upp skera. Þið stigið nú áfram ykkar spor inn í framtíðina. Megi gæfan fylgja ykkur á þeirri braut. Við starfsmenn Landbúnaðarháskóla Íslands færú ykkur okkar innilegustu hamingjuóskir.

Ég læt þá þessum orðum lokið og við göngum til dagskrár og fundarstjóri tekur nú við að nýju.